

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/1529****2018/EES/25/23****frá 7. september 2017**

**um samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Agriculture and Horticulture Development Board (UK) og Institut Technique de l'Agriculture Biologique (ITAB) 7. júní 2016 um samþykki fyrir salti sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir á sveppi. Að auki barst framkvæmdastjórninni umsókn frá ITAB 21. júlí 2016 um samþykki fyrir sjávarsalti sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir og skordýraeyðir á vínber. Þar eð báðar umsóknirnar varða efnið natríumklóríð af matvælagæðum voru umsóknirnar sameinaðar. Umsóknunum fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um natríumklóríð fyrir framkvæmdastjórnina 20. janúar 2017 <sup>(2)</sup>. Hinn 23. mars 2017 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu <sup>(3)</sup> og drög að þessari reglugerð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fæður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 20. júlí 2017.
- 3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að natríumklóríð uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 <sup>(4)</sup>. Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2018, ESB L 232, 8.9.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 54/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. 2009, ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2016: Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for sodium chloride for use in plant protection as fungicide and bactericide in seed treatment and for disinfecting cutting tools. (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins natríumklóríðs til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeyðir og bakteríueyðir við fræmeðhöndlun og til að sóthreinsa skurðarverkfæri). EFSA supporting publication 2016:EN-1091. 39 bls.

(3) <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stj. 2002, EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera megi ráð fyrir að natríumklóríð uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykka natríumklóríð sem grunnefni.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.
- 6) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup> til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Samþykki fyrir grunnefni**

Efnið natríumklóríð er samþykkt sem grunnefni eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

*2. gr.*

#### **Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011**

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Natríumklóríð CAS-nr. 7647-14-5	Natríumklóríð	970 g/kg Matvælagæði	28. september 2017	Er einungis samþykkt sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir og skordýraeyðir. Nota skal natríumklóríð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunar- arskýrslunnar um natríumklóríð (SANTE/10383/2017), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

<sup>(1)</sup> Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki <sup>(1)</sup>	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
„16	Natríumklóríð CAS-nr. 7647-14-5	Natríumklóríð	970 g/kg Matvælagæði	28. september 2017	Er einungis samþykkt sem grunnefni til notkunar sem sveppaeyðir og skordýraeyðir. Nota skal natríumklóríð í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um natríumklóríð (SANTE/10383/2017), einkum í I. og II. viðbæti við hana.“

<sup>(1)</sup> Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.